


Fjárhagsáætlun 2018

Greinargerð sveitarstjóra lögð fram við síðari umræðu í sveitarstjórn miðvikudaginn 13. desember 2017.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2018 er hér lögð fram til seinni umræðu ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2019-2021. Fjárhagsáætlunin er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. Í A-hluta er aðalsjóður auk eignasjóða. Í B-hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir og Tímatákn ehf. Áætlunin sýnir rekstraráætlun, áætlaðan efnahagsreikning og sjóðsstreymi fyrir sveitarfélagið og stofnanir þess. Forsendur þessara fjárhagsáætlana er að sýna aðhald og hagkvæmni í rekstri samhliða því að standa vörð um þá þjónustu sem veitt er. Helstu niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018 eru þær að A- og B-hluti saman, eða samstæðan í heild sinni, skilar rekstrarafgangi upp á 146 m.kr. og veltufé frá rekstri er áætlað 482 m.kr.

Mikil aðhaldssemi hefur verið viðhöfð í rekstri sveitarfélagsins síðustu misseri og dregið hefur úr útgjöldum til ýmissa rekstrarþátta. Lögð hefur verið áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu sveitarfélagsins jafnframt því að aðhalds hefur vissulega verið gætt. Aðhald verður að vera áfram í rekstri sveitarfélagsins á komandi árum og áfram verður leitað hagræðingartækifæra. Ávallt verður þó haft að markmiði að gæta jafnvægis í þjónustu sveitarfélagsins.

Fagnefndir sveitarfélagsins ásamt byggðarráði og starfsmönnum unnu mikið starf í undirbúningi þessarar fjárhagsáætlunar og skoðuðu alla fjárhagslega þætti í rekstri sveitarfélagsins. Halda þarf þeirri vinnu áfram og greina enn frekar rekstur einstakra þátta og ákveða þjónustustig sveitarfélagsins til framtíðar. Mikilvægt er að samvinna verði áfram eins og verið hefur meðal allra sem málið snertir, í þeirri viðleitni að ná fram þeim markmiðum sem eru sett í áætluninni. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir afgangi á rekstri samstæðunnar sem og rekstri A-hluta sveitarsjóðs. Einnig er gert ráð fyrir því að á tímabilinu 2019-2021 verði batnandi afkoma í grunnrekstri A-hluta. Það er skylda hvers sveitarfélags að haga fjárhagsáætlun þannig að rekstrargjöld séu fjármögnuð og þarf það að vera markmið sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar að bæði A-hluti og samstæða A- og B-hluta séu á hverju ári rekin með afgangi.



Helstu forsendur áætlunar:

Forsendur fjárhagsáætlunar Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2018 og þriggja ára áætlunar 2019-2021 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Þar er gert ráð fyrir að meðalverðbólga á árinu 2018 verði **2,9 %** og að launavísitala verði **6,3%**. Þá er einnig stuðst við áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga um áætlaða staðgreiðslu fyrir tekjuárið 2018. Reiknað er með óbreyttu atvinnustigi. Miðað er við að útsvarshlutfall fyrir árið 2018 verði óbreytt á milli ára, þ.e. 14,48% af útsvarsstofni, að viðbættri hækkun sem kveðið er á um í lögum um tekjustofna sveitarfélaga á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að tekjur frá Jöfnunarsjóði verði samkvæmt útgefnum áætlunum hans. Samþykkt var að fasteignaskattsprósentur breyttust ekki á milli ára.

Gert er ráð fyrir gjaldskrárhækkunum hjá stofnunum sveitarfélagsins sem taka fyrst og fremst mið af kjarasamningshækkunum launa.

Tafla 1. Niðurstöður Þjóðhagsspár Hagstofu Íslands frá 3. nóv. 2017
Hlutfallsleg magnbreyting milli ára, þ.e. umfram verðhækkanir, nema annað sé tekið fram

	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Einkaneysla	7,8	5,3	3,6	3,1	2,9	2,6
Samneysla	2,2	1,3	1,3	1,7	1,8	1,8
Fjármunamyndun	8,8	3,1	2,9	2,1	3,6	3,8
Atvinnuvegafjárfesting	5,6	-0,9	-0,7	0,1	3,0	3,6
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	26,0	19,0	13,2	7,4	5,1	4,7
Fjárfesting hins opinbera	9,9	6,4	6,6	3,9	3,7	3,4
Þjóðarútgjöld, alls	6,9	3,9	3,0	2,6	2,8	2,7
Útflutningur vöru og þjónustu	7,7	4,3	3,3	3,1	2,6	2,5
Innflutningur vöru og þjónustu	12,5	6,2	4,2	3,4	3,0	2,7
Verg landsframleiðsla (hagvöxtur)	4,9	3,1	2,6	2,5	2,6	2,6
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	5,5	3,9	3,8	3,8	3,4	3,3
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	2,7	3,0	3,3	3,8	4,0	4,0
Vísitala neysluverðs (verðbólga)	1,8	2,9	2,9	2,6	2,6	2,5
Gengisvísitala	-10,7	-0,6	-0,3	0,0	0,0	0,0
Raugengi	11,6	1,8	1,1	0,5	0,5	0,3
Launavísitala	6,8	6,3	5,9	4,6	4,3	4,4
Olíuverð	19,1	0,9	2,0	1,8	2,0	2,0

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.

Áætlunin er unnin með hliðsjón af fjármálareglum og fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga sem sett voru í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og með síðari breytingum, en þau tóku gildi í upphafi árs 2012. Í 64.gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Til að fullnægja þessari skyldu er sveitarfélögum gert að fylgja eftirfarandi fjármálareglum:

- 1) **Jafnvægisregla:** Samanlögð heildarútgjöld samstæðu séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
- 2) **Skuldaregla:** Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningskilum skv. 60.gr. megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Við útreikning á skuldahlutfalli má nú undanskilja tekjur og skuldbindingar veitu- og orkufyrirtækja sem og að heimilt er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindingar.

Hjá Sveitarfélaginu Skagafirði er skuldahlutfall heildarskulda og skuldbindinga áætlað 125% á árinu 2018 sem er lækkun frá árinu 2017. Þegar búið er að undanskilja það sem heimilt er frá skuldum og skuldbindingum er skuldaviðmiðið 107%.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018

Rekstur:

Áætlun ársins 2018 gerir ráð fyrir að rekstrartekjur Sveitarfélagsins Skagafjarðar nemi **5.189 m.kr.** hjá samstæðunni í heild, A- og B-hluta, þar af eru rekstrartekjur A hluta áætlaðar **4.551 m.kr.** Rekstrargjöld án fjármagnsliða eru áætluð **4.783 m.kr.**, þar af A-hluti **4.334 m.kr.** Rekstrarhagnaður A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er áætlaður **608 m.kr.** Afskriftir nema **202 m.kr.** og fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **260 m.kr.** Rekstrarafgangur samstæðunnar í heild A- og B-hluta er áætlaður samtals **146 m.kr.**

Rekstrarhagnaður A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er áætlaður **330 m.kr.** Afskriftir nema **113 m.kr.** Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **201 m.kr.** Rekstrarniðurstaða A-hluta sveitarsjóðs er því áætluð jákvæð um **16 m.kr.**

Efnahagur:

Eignir Sveitarfélagsins Skagafjarðar eru áætlaðar í árslok 2018, **8.737 m.kr.**, þar af eru eignir A-hluta **7.241 m.kr.** Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar í árslok **6.516 m.kr.** Þar af hjá A-hluta **6.115 m.kr.** Eigið fé er áætlað **2.221 m.kr.** hjá samstæðunni og eiginfjárhlutfall **0,25**. Eigið fé A-hluta er áætlað **1.126 m.kr.** og eiginfjárhlutfall **0,15**. Ný lántaka er áætluð **460 m.kr.** hjá samstæðunni í heild og afborganir eldri lána og skuldbindinga verða um **429 m.kr.** Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar eru **1.279 m.kr.** hjá samstæðu og þar af **1.162 m.kr.** hjá A-hluta.

Sjóðsstreymisyfirlit:


Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri A-hluta verði um **249 m.kr.** Veltufé frá rekstri samstæðunnar A- og B-hluta verði samtals **482 m.kr.** Þá er gert ráð fyrir að handbært fé samstæðunnar í árslok verði **217 m.kr.**

Þrátt fyrir að aðhalds sé gætt í rekstri þá er gert ráð fyrir að sveitarsjóður og undirfyrirtæki fjárfesti á árinu 2018 fyrir **572 m.kr.**, sem er afar mikilvægt fyrir samfélagið í heild sinni. Stærsta fjárfestingaverkefnið á næsta ári er endurbætur á Sundlaug Sauðárkróks.


Próun tekna.

Undanfarin ár hafa tekjur hjá sveitarfélaginu ekki haldið í við verðlagshækkunar áttu öllu leiti og liggur það fyrst og fremst í lækkuðum framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árum áður og má segja að tekjugrundvöllur sveitarfélagsins sé ekki sá sami og var. Skatttekjur hafa aftur á móti haldið nokkuð í við verðlag. Hins vegar stendur yfir endurskoðun á úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs og eru framlög sjóðsins til fjölkjarna sveitarfélaga á meðal þess sem verið er að skoða þar sem ekki næst fram sama hagræði í rekstri þeirra og hjá sveitarfélögum sem eru e.t.v. með aðeins einn kjarna.

Skatttekjur 2011 – 2018



Framlög Jöfnunarsjóðs 2011 - 2017



Almenn útgjöld.

Launakostnaður

Launakostnaður nemur samtals 3.065 m.kr og er það um 8% hækkun frá árinu 2016. Kjarasamningar við nær öll starfsmannafélög eru í gildi á árinu 2018 en hins vegar eru kjarasamningar lausir við Félag grunnskólakennara og Félag tónlistarskólakennara. Í framlagðri áætlun er tekið tillit til launahækkana samkvæmt ákvæðum í gildandi kjarasamningum en eins og áður hefur komið fram er enn ósamið við tvö félög. Í flestum samningum er gert ráð fyrir um 2% launahækkun í júní 2018 en ekki hafa verið reiknaðar launahækkunar á þessa lausu samninga en vegna hugsanlegra hækkana á þeim er gert ráð fyrir um 60 m.kr. varasjóð til að mæta þeim kjarasamningshækkunum.

Á grundvelli stöðuleikasáttmála frá 25. júní 2009 var gengið frá lagasetningu á Alþingi í desember 2016 og lögum breytt til gera lífeyriskerfin sjálfbær þannig að hver kynslóð standi undir eigin réttindum, bæta flæði milli almenna vinnumarkaðarins og hins opinbera og jafna halla á tryggingafræðilegri stöðu opinberu lífeyrissjóðanna. Unnið er að uppgjöri sveitarfélaganna vegna þessa en niðurstaða uppgjörsins liggur ekki enn fyrir og er því ekki gert ráð fyrir því í áætluninni.

Rekstur málaflokka:

Eins og áður taka fræðslu- og uppeldismálin til sín stærstan hluta skatttekna í áætlun ársins. Málaflokkurinn tekur til sín mun lægra hlutfall í ár en árið 2016 eða **47,3%**, en var með **57,7%** í áætlun ársins 2016 og **50,9%** í áætlun ársins 2017. Má segja að vegna þeirra hagræðingaradræðna sem ráðist var í, m.a. vegna lækkandi tekna sveitarsjóðs, hafi tekist að ná málaflokknum niður og hann því farinn að taka til sín lægra hlutfall skatttekna en áður þar sem árið 2011 fóru **61,8%** af skatttekjum sveitarfélagsins til málaflokksins. Hluttur annarra málaflokka en félagsþjónustu er með svipað hlutfall af skatttekjum og verið hefur undanfarin ár. Æskulýðs- og íþróttamál fara þó lækkandi og eru með **9,5%** af skatttekjum ársins 2018. Einnig er málaflokkur 21, sem er sameiginlegur kostnaður, með lækkandi hlutfall miðað við undanfarin ár.

Hlutfall félagsþjónustu eykst hins vegar á milli árána 2016 og 2018 og er skýringin á því sú að sveitarstjórnir Akrahrepps, Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Húnaþings vestra, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar gerðu með sér samning um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk. Samningurinn gildir til ársloka 2019 og er Sveitarfélagið Skagafjörður leiðandi sveitarfélag sem veitir fötluðu fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélagunum, þjónustu eins og nánar er kveðið um í samningi og samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum, á starfssvæðinu. Við þessa breytingu renna allar tekjur frá Jöfnunarsjóði sem ætlaðar eru til þessa málaflokks sem og 0,25% af útsvarstofni sveitarfélaga til Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Í fjárhagsáætlun ársins 2018 er ekki gert ráð fyrir að tekjur frá ríki og sveitarfélögum dekki allan kostnað við samninginn sem aftur leiðir til þess að útgjöld við málaflokkinn hækka.

Rekstur málaflokka					
Aðalsjóður:	-	-	-		
Skatttekjur	-3.854.296			-3.854.296	
	Tekjur	Launaliðir	Aðrir liðir		
Félagsþjónusta	-109.478	590.806	241.772	723.100	18,8%
Heilbrigðismál			8.300	8.300	0,2%
Fræðslu- og uppeldismál	-271.661	1.445.048	648.103	1.821.490	47,3%
Meningarmál	-83.473	116.550	134.360	167.437	4,3%
Æskulýðs- og íþróttamál	-124.303	190.644	297.907	364.248	9,5%
Brunamál og almannavarnir	-43.907	75.655	39.620	71.368	1,9%
Hreinlætismál	-68.700		109.322	40.622	1,1%
Skipulags- og byggingamál	-11.620	49.928	27.576	65.884	1,7%
Umferðar- og samgöngumál	0	651	103.756	104.407	2,7%
Umhverfismál	-5.317	35.891	48.977	79.551	2,1%
Atvinnumál	-14.345	25.904	65.677	77.236	2,0%
Sameiginlegur kostnaður	-35.039	168.629	116.056	249.646	6,5%
Lífeyrisskuldbinding		80.000		80.000	2,1%
Óvenjurlegir liðir		60.000		60.000	1,6%
Fjármagnsliðir			-58.287	-58.287	-1,5%
	-4.622.139	2.839.706	1.783.139	706	
Aðrir sjóðir í A-hluta:					
	Tekjur	Launaliðir	Aðrir liðir		
Eignasjóður	-695.477	66.029	612.987	-16.461	
Millifærslur	766.737		-766.737		
	71.260	66.029	-153.750	-16.461	
Sveitarsjóður A-hluti	-4.550.879	2.905.735	1.629.389	-15.755	-0,4%
Sjóðir í B-hluta					
	Tekjur	Launaliðir	Aðrir liðir		
Félagsíbúðir Skagafjarðar	-75.836		68.685	-7.151	
Fráveita	-111.520	13.051	39.559	-58.910	
Hafnarsjóður Skagafjarðar	-126.705	33.670	59.358	-33.677	
Tímatákn ehf.	-1.145		1.293	148	
Hitaveita	-388.822	112.952	275.756	-114	
Vatnsveita	-90.538	0	58.564	-31.974	
Sjóveita	-1.560	0	2.738	1.178	
Eyvindarstaðaheiði ehf	-4.100				
Millifærslur	157.611		-157.611	0	
Samtals B-hluti	-642.615	159.673	348.342	-130.500	
Samantekið A + B hluti	-5.193.494	3.065.408	1.977.731	-146.255	

Þróun málaflokka sem hlutfall af skatttekjum:

Málaflokkar	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Félagsmál	6,0%	4,8%	5,2%	4,0%	5,3%	5,4%	5,6%	6,1%	6,40%	6,60%	6,7%	6,8%	7,0%	16,9%	18,8%
Heilbr.mál	0,7%	0,6%	0,6%	0,5%	0,5%	0,6%	0,6%	0,6%	0,60%	0,00%	0,0%	0,0%	0,2%	0,2%	0,2%
Fræðslumál	56,8%	58,7%	56,9%	51,6%	53,0%	58,1%	57,9%	61,8%	61,60%	57,50%	55,2%	57,0%	57,7%	50,9%	47,3%
Menn.mál	5,3%	5,1%	5,0%	4,6%	4,9%	5,2%	5,5%	5,4%	5,60%	5,60%	5,2%	5,7%	5,1%	4,6%	4,3%
Æskul og íþrm	14,0%	13,6%	13,4%	11,1%	11,3%	12,5%	12,4%	12,2%	12,10%	11,40%	11,8%	11,3%	11,4%	9,9%	9,5%
Brunamál	2,1%	3,0%	1,6%	2,1%	2,1%	2,4%	2,4%	2,3%	2,80%	2,60%	2,3%	2,3%	2,5%	1,9%	1,9%
Hreinl.mál	1,3%	0,7%	1,4%	1,0%	0,8%	0,9%	1,1%	1,1%	1,30%	1,60%	1,9%	1,7%	1,3%	1,1%	1,1%
Skipul.mál	2,1%	2,2%	1,8%	1,7%	3,0%	2,4%	2,0%	2,1%	1,90%	2,00%	1,8%	1,7%	1,6%	1,6%	1,7%
Umf. og samg.mál	2,7%	3,0%	3,2%	2,9%	2,6%	3,0%	2,8%	2,5%	2,50%	2,50%	2,6%	2,8%	2,8%	2,6%	2,7%
Umhv.mál	2,5%	2,5%	2,2%	2,1%	2,3%	2,9%	2,4%	2,5%	2,50%	2,40%	2,5%	2,6%	2,7%	2,3%	2,1%
Atvinnumál	3,7%	2,0%	2,3%	1,9%	1,7%	2,2%	2,1%	1,8%	2,20%	1,90%	1,9%	2,1%	2,3%	2,0%	2,0%
Sam.kostnaður	10,9%	13,9%	13,3%	9,3%	11,1%	10,1%	8,8%	7,7%	9,40%	8,60%	9,2%	7,7%	8,0%	6,3%	6,5%

Fjárfestingar og framkvæmdir.

Áætlað er að fara í nýframkvæmdir á árinu 2018 fyrir 572 m.kr. Skiptast þær þannig að áætlað er að framkvæmt verði hjá eignasjóði fyrir 514 m.kr, hafnarsjóði fyrir 19,5 m.kr og hjá veitum fyrir 38 m.kr.

Fjárfestingar og framkvæmdir:	
Eignasjóður	514.100
Fráveita	3.000
Hafnarsjóður	19.500
Skagafjarðarveitur	35.000
Fjárfestingar og framkvæmdir alls	571.600

Auk fyrrgreindra fjárfestinga er gert er ráð fyrir að verja rekstrarmegin um **79,6 m.kr** í viðhald eigna Eignasjóðs.

Greinargerð þessi er sett fram til glöggvunar við yfirferð fjárhagsáætlunar. Ég vil í lok hennar færa samstarfsfólki mínu og þá sér í lagi sviðsstjóra fjármála -og stjórnsýslusviðs, ásamt sviðsstjórum, öðrum starfsmönnum, kjörnum fulltrúum, fagnefndum og byggðarráði, þakkir fyrir gott samstarf við þá vinnu sem að baki er, sem hefur lagt grunninn að fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar næstu árin.

Sauðárkróki 13. desember 2017

Ásta Björg Pálmadóttir
Sveitarstjóri